

Primus og KulturIT

Höfundur: Cecilie C. Gaihede

Dags: 24. nóvember 2019

Samantekt:

Ferðina: Fagstjóri fór til Noregs dagana 17/11-21/11 til að kynna sér skráningarkerfið Primus og hugbúnaðarfyrirtækið KulturIT sem sér um viðhald og þróun kerfisins. Ferðin gekk vel. Fagstjóri heimsóttu 4 söfn sem öll nota Primus, söfn með ólíkar þarfir og reynslu á kerfinu. Söfnin voru: Stiftelsen Norsk Folkemuseum, MIA- Akershus Museerne, Tekniske Museum, Skimuseet Holmenkollen. Auk þess eyddi fagstjóri heilum degi hjá KulturIT þar sem veitt var innsýn í fyrirtækið, þjónustuna og þau verkfæri sem þau bjóða upp á.

Safnageirinn í Noregur: Mikið hefur verið um sameiningar og hafa sem dæmi um 800 söfn orðið að 200. Ekki mikið um lítil byggðasöfn lengur og voru söfnin sem voru heimsótt ekki valin af handahófi heldur vegna þess að þau endurspeglu á einhvern hátt mismunandi þarfir sem söfnin hér á Íslandi gætu verið með. Sem dæmi er Akershus samansafn af mörgum minni söfnum og Skimuseet sömuleiðis lítið safn með bara tvo starfsmenn.

Kerfið: Primus er norska skráningarkerfið sem hugbúnaðarfyrirtækið KulturIT sér um að viðhalda og þróa. Kerfið hefur langa sögu og leit fyrsta útgáfa dagsins ljós 1996 og er kerfið byggt á Oracle-gagnagrunni. Síðan þá hefur fleiri vörum verið bætt við framboð hjá KulturIT sem í auknum mæli gerir söfnunum kleift að skrá, sýsla með og miðla safneigninni sinni. Í dag eru yfir 200 söfn í Primus og fleiri en 1000 notendur og eru yfir 5.3 milljónir aðfanga aðgengilegar á ytri vefnum DigitaltMuseum. Primus er ekki eina stafræna skráningarlausnin í Noregi, en hefur KulturIT fengið mikinn fjárhagslegan stuðning frá norska menningarmálaráðuneytinu í þróunarverkefni og virðist fjármagn ekki vera vandamál. Söfnin sem fagstjóri heimsótti er mismundandi að stærð, fjármagni og með ólíka safneign sem hefur í för með sér mjög fjölbreyttar þarfir og reynslu af kerfinu. Ítrekað kom fram að skráningu listmuna í Primus væri ábótavant, en það kom líka fram að KulturIT er að vinna að nýju listmunasniði sem er væntanlegt á næstunni. Kerfið virðist geta ótrúlega margt, en virðist skortur á leiðbeiningum takmarka þekkingu og innsýn skrásetjara, þá sérstaklega á litlu söfnunum.

Kerfið sem söfnin eru að skrá í í dag er bæði miðlæg client based útgáfa (PrimusWin) og veflæg útgáfa (PrimusWeb). Það virkar svolítið eins og KulturIT sé að leggja áherslu á að færa sig yfir í PrimusWeb en að söfnin sé ekki alveg tilbúin í það. Það virðist ekki ríkja nægilegt traust og reynsla á nýju veflægu útgáfunni. PrimusWin útgáfan sem öll söfnin eru að skrá í virkar gamaldags og úrelt, miðað við Sarpur. Útlitslega er kerfið líkt og gamaldags Windows gluggakerfi.

Söfnin sem voru heimsótt voru öll almennt ánægð með kerfið. Enginn sá fyrir sér betri lausn, þó sumt sé hægvirkt og annað úrelt. Það er unnið mikið að breytingum í kerfinu og hafa söfnin skilning

á hvað þarf til að reka svoleiðis gagnagrunn og ekki raunhæft að fá hið fullkomna kerfi. Primus og DigitaltMuseum virka á margan hátt eins og Sarpur og sarpur.is og er margt mjög líkt. Það er greinilegt að Sarpur hefur að stórum hluta verið hannað með Primus sem fyrirmynd. Þó má nefna að ekki er leyfilegt í Noregi að miðla opinberum listum eins og Nafnaskráin og Staðaskráin leyfir í Sarpi. Það gerir aðgengið að upplýsingum takmarkaðra og hefur KulturIT þróað kerfið KulturNav sem býður upp á miðlæga lista í gegnum Primus til að finna lausn á þessu vandamáli. Þó að KulturNav sé frábært fyrir söfnin virðist það vera gegnumgangandi upplifun að kerfið virkar flókið og erfitt að nota, en nefna söfnin líka að það er bara spurning um kennslu og að læra almennilega á þetta nýja verkfæri. Primus býður í dag upp á fimm aðfangasnið: Munir, Listmunir, Ljósmyndir (2 snið, Fotoarkiv og Fotomotiv) og Hús. Aðfangasniðin í Primus eru því mun færri en aðfangasniðin í Sarpi.

KulturIT virðist vera fyrirtæki í örri framþróun. Mikið á eftir að bætast við Primus og hin kerfin á næstu árum og virðast söfnin hafa fullt traust gagnvart þessum breytingum. Möguleikar kerfisins virðist vera fleiri og fleiri og mun það bara aukast með tímanum. Fagstjóra finnast samt athugaverðar ábendingarnar um hvað reyndist erfitt fyrir Teknisk Museum að færa gögn yfir í Primus úr öðru kerfi og sömuleiðis að minni söfnin tjáðu að kostnaður hefði áhrif og að hluta til takmarkaði notkun þeirra á kerfinu. Þegar spurt var út í áætlaðan kostnað fékk fagstjóri engin skýr svör, annað en að það væri samnings- og útfærslumál. KulturIT virðast vera mjög áhugasöm um að hefja samstarf. Vert gæti verið að athuga styrk um framlag til norsks-íslensks menningarsamstarfs. Umsóknafresturinn rennur út 3/12-19. Hægt að lesa sér frekar til um það hér: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menningarmal/styrkir-og-sjodir/framlag-til-norsks-islensks-menningarsamstarfs/>

KulturIT

Samantekt:

Mikilvægt er að hafa í huga þegar skoðaðar eru lausnir sem KulturIT býður upp á er að þau eru fyrirtæki sem er styrkt árlega af hinu opinbera, sem sagt norska menningarmálaráðuneytinu. Frá 2017 og til 2020 hefur sérstaklega verið einblínt á stafræna þróun í Noregi og hefur KulturIT fengið alla styrki sem veitt er úr þróunarsjóði menningarmála í landinu. Gefin hefur verið út skýrsla sem skilgreinir verkefni sem KulturIT eru að vinna í með fjármagnið úr þróunarsjóði. Hægt er að lesa sér frekar til um það hér: <https://dms-cf-09.dimu.org/file/032ymV1sFBse> .

KulturIT er hlutafélag sem ekki er rekið í hagnaðarskyni og er í eigu 10 safna í Noregi. Það er stefna og markmið hjá fyrirtækinu að fá fleiri eigendur til að tryggja að hagsmuna fyrir sem flesta notendur sé gætt og að fleiri taki bæði virkan þátt í þróuninni og sæti í stjórn KulturIT. Fyrirtækið hefur vaxið ört síðustu árin og starfa nú yfir 50 manns hjá KulturIT, sem þjónusta yfir 200 söfn og 1000 notendur á Álandseyjum, Svíþjóð og í Noregi. Mikilvægt er fyrir KulturIT að eiga virkt samtal við söfnin og sitja sumir starfsmenn hjá KulturIT úti á söfnunum. Sara Kayser er dæmi um þannig samstarf, og tjáði hún hvað það er skilvirkt að hafa safnafólk sem notar kerfið svona nálægt sér þegar unnið er að lagfæringum og uppfærslum á kerfinu.

KulturIT býður upp á fimm mismunandi vörur: **Primus** (skráningarkerfið) **DigitaltMuseum** (ytri vefinn þeirra) **KulturNav** (miðlæg nálgun að gögnum, eins og efnisorðalistum, nafnalistum,

staðalistum o.s.frv.) **KulturPunkt** (vettvangur fyrir miðlun til almennings gegnum netið, snjalltæki á sýningum) og **Minne** (Þjóðhættir)

Viðstödd á fundinum voru: Thomas Johansen (deildarstjóri fagdeildar) Sara Kayser (fagstjóri fagdeildar í Svíþjóð)

Primus:

Primus er skráningarkerfið sem hefur verið hannað og þróað í Noregi síðan 1996. Upprunalega var kerfið PrimusWin (PrimusWindows) hannað sem client og þarf að nálgast í gegnum miðlæga tölvu til að geta loggað sig inn. Síðustu árin hefur verið lögð áhersla á PrimusWeb sem nýja útgáfu af skráningarkerfinu sem má nálgast veflægt í gegnum netið. Markmiðið er að PrimusWeb mun vera eina kerfið, en eins og er eru bæði kerfin í notkun, og eru söfnin virk í að nota bæði.

- PrimusWin 1.0 er frá 1996- 2.0 frá 2004 eða 2005
- KulturNav er frá 2011/2012 og getur verið of flókið fyrir hinn almenna notanda.
- Kerfið er aðfangamiðað eins og í Sarpi, og eru söfnin að skrá eftir: samlinger, arkiver og grupperinger. Samlinger í Noregi er eins og undirskrá
- Kerfið fylgir kröfur Spectrum hvað varðar skráningar og umsýslu
- Leitarvél in í PrimusWeb er öflug, ekki hægt að stilla ýtarlega. Bara ein leitarvél. Hægt er að nota gæsalappir („“), prósentumerki (%) og stjörnu (*) til að víkka út leitina.
- Myndgæði: varðveislukerfi og hægt er að hlaða upp í miklum gæðum eða allt að 6000pixlar
- Konservering (forvörsluhlutinn af kerfinu hefur verið lagfærður og uppfærður í PrimusWeb)

Mismunandi notendur: Hægt er að hafa lesaðgang og skráningaraðgang (skráningastjórinn á hverju safni býr til notendur safnsins. Hann getur stjórnað hvaða hluti safneignarinnar ákveðnir notendur fá aðgang að)

- Admin á safninu stjórnar hver fær aðgang og hver ekki. Fagdeildin hjá KulturIT veitir ráðgjöf og sér um admin fyrir minni söfn
- Admin-aðgangurinn getur endurheimt færslur sem hefur verið eytt
- Söfnin í Noregi halda mikið utan um Aksesjoner: sem sagt aksesjon (e. Acquisition) sem er snið þar sem skrásetjari skráir hvernig aðfangið kom til safnsins og allt í kringum það ferli. Sá hluti af kerfinu virkar ekki ennþá í PrimusWeb en bara í PrimusWin.

Lágmarkskröfur skráningar í munasniðinu: Safnnúmer, heiti, undirskrá (samling) og svo fjöldi gripa. Mjög svipað og í Sarpi.

Efnisorð: Hægt er að búa til eigin lista og svo er hægt að nálgast mismunandi lista í gegnum kerfið KulturNav, sem hefur safnað saman ótal listum sem kallast safnalistar sem eru með ábyrgðaraðila á mismunandi söfnum. Sem dæmi er Teknisk Museum með lista sem snýr að iðnaðarhugtökum. Til þess að fá orð samþykkt á þennan lista er send tillaga á starfsmann safnsins til samþykktar, svoltið eins og bráðabirgðaheitin í Sarpi.

- Í Svíþjóð hafa söfnin aðgang að viðurkenndum efnisorðalista bókasafna (Getty).
- 250 datasets/ Listar í KulturNav
- Hægt er að yfirfæra lista í KulturNav (import).
- Allir listar sem eru merktir bláir í kerfinu er listar frá KulturNav

Espen Nordenhauge: Produktansvarlig Formidlingslsninger (Vrustjri milunarlausna). Espen var me 1,5 klst kynningu í gegnum Skype þar sem hann kynnti ytri vef kerfisins, DigitaltMuseum og ll þau auka þrunarverkefni og vibtur sem veri er a vinna í:

DigitaltMuseum:

- Fjrir starfsmenn starfa hj Digitalt Museum.
- 5.3 milljnir skráningar birtar á DigitaltMuseum
- Vefurinn er me Login fyrir hinn almenna notanda sem getur búi sér til mppur og safna saman afngum sem hægt er a senda á sjlfan sig ea deila me ðrum.
- Ggn í Digitalt Museum koma frá mismunandi kerfum eins og Fotostation og ðrum skráningarkerfum, Primus, KulturNav, Wikipedia, sem dmi.
- „Ved du mere?“ er eins og „veistu meira“ á sarpur.is, hér hefur flk mguleika á því a senda ábendingar á sfnin og astoa me a safna enn fleiri upplýsingum um ákvein afng.
- Kommentakerfi sem líkist kommentakerfunum sem vi þekkjum á samfélagsmilum og fréttamilum á Íslandi. Þ hafa sfnin þann mguleika a stjrna umrðunni a hluta til, me því a eya út kommentum og svara.
- Tenging við Wikipediu.
- Me Primus geta sfn stjrna miklu meira hva birtast á DigitaltMuseum. Miklu meiri gagnastjrnun heldur en í ðrum skráningakerfi.

API- Þa geta allir tengt sína síu við DigitaltMuseum og byggt þar ofan á

- Hægt er a draga ggn út me API og nota á eigin mili,
- Veri a vinna í nýju og bttu API sem skilar skilvirkara formi af ggnum
- Flatari strúktúr á ggnum. (meira stýrur agangur)
- Hægt er a birta ggn á DigitaltMuseum út í nnur skráningarkerfi en Primus. Dmi er um sfn sem nota kerfi Fotostation og birta á DigitaltMuseum

DigitaltMuseum og greislugátt:

- Þa er ekki greislugátt eins og er. Þ var sagt a þa hefur veri hnnu greislugátt í Museum24 (samningur við NetAccept í gegnum fyrirtki Nets) og því ætti ekki a vera miki mál a tengja þa við ytri vefinn ef óska er eftir því.
- Sfnin í Noregi eru oftast ekki a taka greislu fyrir notkun ea myndir (ruvísi leyfis- og hfundaréttarreglur en á Íslandi) heldur eru sfnin a taka afgreislugjald. Þess vegna er þa alveg markmi a fá greislugátt tengda á vefinn.

EkulturDashboard:

- Svólíti líkt og GoogleAnalytics, en tengist beint inn á þitt safn. Hér geturu fengi yfirsýn yfir stðu skráninga og yfirlit yfir ákvenar safneignir á agengilegan hátt. Hægt er a sækja tlfræi og fá yfirgripsmiklar upplýsingar um bæi innri og ytri vefinn.

Me útgáfu 4.0 af DigitaltMuseum sem var gefin út 2016 var nú hægt fyrir sfn a búa til eigi aukenni ea síu sem þau gæti móta sjlf eftir hentisemi safnsins. 2018 komu svo nýjar

uppfærslur sem gerðu það mögulegt að skrifa og birta greinar, söfnin geta í gegnum innri vefinn á DigitaltMuseum sjálf ritstýrt sínum eigin síðum.

DigitaltMuseum er fyrir almenning, það er leitarvél, það er verkfæri fyrir söfnin að skoða safneignina sína en líka fyrir söfn að fá innsýn í safneign annarra safna. Vettvangur fyrir sýningar. Staður til að eiga samtal við samfélagið í gegnum „Veistu meira“ líkt og er nú þegar á sarpur.is.

- Hægt er að skoða greinasafn, möppur, sýningar o.s.frv.

Leitarvél:

- Hægt er að leita í heildarsafninu en líka í safneign hvers safns fyrir sig.
- Vefurinn er tengdur GoogleMaps og ef hnit eða staðsetning eru skráð er hægt að skoða skráningar og aðföng eftir staðsetningu.
- Hægt er að leita eftir tímaskeiði en líka alveg niður á nákvæma dagsetningar.

DigitaltMuseum „Kanal“: hér hægt er að vinna með meira sérvalið efni. Sérstaklega hugsað fyrir kennslu. Að gera kennara kleift að vinna með DigitaltMuseum, búa til möppur og verkefni fyrir nemendur til að leysa í gegnum vefinn. Dæmi: Hægt er að einblína á eitt heiti eða efnisorð og þannig byggja grundvöll fyrir að draga gögn fram í gegnum það sem KulturIT kallar „Kanal“

- Þessi svokölluðu „Kanal“ eru hannaðir fyrir skólakennslu. Hver skóli fær aðgang eða notendaaðgang gegnum DigitaltMuseum, þar sem kennarar eiga að geta valið ákveðin aðföng sérstaklega miðað fyrir þeirra kennslu.

KulturIT notar algóritma frá Google og Amazon

- Eykur gæði leitarvélarinnar
- Verið að vinna í að hægt sé að „tagga“ einstaklinga, svoltið eins og á samfélagsmiðlum og þannig tengja fólk saman, „crowdsourcing“

Markmið er að gera kerfið móttækilegt fyrir fleiri tungumál. Núna er það þannig að allt í gagnagrunninum er á norsku og mikilvægir þættir eru þýddir yfir á sænsku. Verið er að finna lausn og gera það mögulegt að hafa allt kerfið á mismunandi tungumálum (maskinlæring og alghorytmer).

KulturPunkt

- Vettvangur fyrir miðlun
- Hægt er að hlaða öppin niður úr Appstore og GooglePlay
- Þetta er app fyrir síma og lpad sem gerir notandanum kleift á korti að skoða skráð aðföng sem birt eru á DigitaltMuseum. Útilistaverk, söfn og aðrir staðir með menningarsögulegt gildi.
- Kort merkt með punktum
- Hægt er fyrir notendur að „tækka sig inn“ og þannig getur maður sorterað niður og bara séð aðföng skráð á ákveðið safn sem maður er í heimsókn á.
- Hægt er að skanna inn kóða sem eru við verkin (kannski svoltið eins og QR-kóði sem myndi þá senda safngestinn inn í KulturPunkt).
- Hugmynd um frekari þróun á kerfinu er að búa til ratleik um borgina ásamt 360° sýningu af útvöldum safngripum.

KulturIO/ Kiosk/Pro

- Formidlingsteknologi (miðlunartækni) á sýningum: hægt er að nota fyrir sýningahönnun
- Myndir, hljóð, ljósastýring, triggers eins og skynjarar, hnappar, Dæmi um svoleiðis sýningu er sýning á safninu Rockheim Hall of Fame.
- Önnur nálgun heldur en þessar stöðluðu lausnir sem eru í boði
- KulturIT aðstoðar með svoleiðis sýningar eftir sérstökum pöntunum.
- Overvågning: Hægt er að fjarstýra sýningum
- Er með admin-aðgang sem geta fjarstýrt öllu

Minne.no

- Norska útgáfan af þjóðhátum. Hægt eru að skrá þjóðhætti en er alveg sér og ekki partur af Primus.
- Til að fá aðgang að minni.no þarf að greiða það sér

Primus

- Það að varpa gögnum og gagnaflutningur fer fram í samstarfi með KulturIT
- Reynsla er á gagnaflutningi í gegnum önnur kerfi eins og Fotostation og inn í Primus.
- Söfnin greiða stofnkostnað. Þjónustan er greidd fyrir tímann. **Grunnviðmið er 50.000 nkr fyrir safn að koma inn í Primus** og kerfin hjá KulturIT, þegar tekið er mið af tímafjölda.
- Ef safn kemur inn í PrimusWin núna fylgir frír aðgang á PrimusWeb

Server:

- DigitaltMuseum er hýst í skýinu
- Primus í Svipjóð er hýst staðbundið þar í Stokkhólmur.
- Primus í Noregi er hýst staðbundið í landinu. Sem dæmi er hýsing í Lillehammer (Akershuss) og sum söfn eru með eigin server eins og td. Stiftelsen Norsk Folkemuseum og Teknisk Musem
- Saas og Locas hosting virðist bæði vera möguleiki.

MIA- Akershus Museerne

Samantekt:

Akershus var gert að eiganda KulturIT á þessu ári. Almennt virðist vera ánægja með kerfið. Það væri ekkert annað kerfi sem myndi uppfylla þarfirnar betur. Það er tekið tillit til að ekki væri raunhæft að kerfi myndi uppfylla allar þarfir algjörlega. Það er partur af því að nota stafrænt kerfi í dag. Primus uppfyllir langflestar þarfir safnanna í Akershus og er þjónustan góð. Það ríkir traust til kerfisins og stjórnenda þess. Það er verið að gefa söfnunum tækifæri til að hafa rödd í breytingunum. Söfnin eru nýfarin að nota PrimusWeb og fylgir því ákveðinn fasi að venjast því og tileinka sér ný vinnubrögð.

Viðstödd á fundinum var: Katja Nicolaysen : Konservator (Forvörður) Kirsten Linde (forvörður) Kim Chi Thi Pham (skráningarstjóri) Helga Marie Stangeby (forvörður, munir) Joel Boaz (deildarstjóri) bara stutt í upphaf fundar, ásamt starfsnema úr Safnafræði

Yfir 100 starfsmenn á öll söfnunum í Akershus

- Starfsmenn sem vinna virkt að skráningu og í safneignunum eru bara um 10-15 manns.
- Akershus er samansafn af yfir 20 söfnum um alla sýsluna. Allskonar söfn með mismunandi þarfir. Dæmi er um söfn sem eru með 1 starfsmann eða kannski bara hálfst stöðugildi. Skráningum eru kannski ekki eins háttað eins og æskilegt væri.
- Nýtt er að söfnin á Akershus verða að vera með ábyrgðaraðila safneignar.
- Safneignin er tvískipt- Safneign og skjalasöfnin. Skjalasöfnin nota kerfið Asta, því það er ekki skjalavarsla í Primus. Æskilegt væri að hafa þetta allt í einu kerfi í stað á fleirum stöðum.
- Sýslan er með eignarhald og er þar af leiðandi ábyrg fyrir rekstrinum.
- Það er fjögur ár síðan Akershus söfnin tóku upp Spectrum, eða beint í kjölfarið á að Spectrum staðallinn var þýddur yfir á norsku. Fylgir Spectrum bæði í gegnum Primus en líka þegar kemur að meðhöndlun safneignar, varðveislu, innlán, útlán o.s.frv.
- Kirsten er forvörður og vinnur við að meta aðföng. Hennar upplifun við að taka á móti nýjum aðföngum er að það er erfitt vegna takmarkaðrar innsýnar í safneign annarra safna í Primus. Söfnin eiga mjög stórt það sem þau kalla á norsku „efterslæb,“ sem sagt stórt umfang af safneigninni sem á eftir að skrá og hlaða upp myndum með skráningum. Lýsingar á aðföngum eru ekki alltaf nægar til að vita hvort er til líkt aðfang annars staðar. Það myndi flýta ótrúlega fyrir að vera með það að vantar á safnið, ekki að sleppa því að hlaða upp myndefni með skráningunum. Myndir segja stundum meira en þúsund orð. Upplifun hennar er að í framtíðinni væri miklu meira áhersla á myndir. „Pældu í því ef hægt væri að taka mynd af aðfangi og væri hægt að leita þannig eftir svipuð aðföngum,“ segir Kirsten.
- Það er mjög misjafnt hvernig gæði söfnin eru með á myndunum. Engar reglur fyrir hvort eigi að vera atvinnuljósmyndari. Þetta snýst mikið um gæði skráningar. Mikilvægt er að fá góða kennslu og hafa auga fyrir nákvæmnisvinnu til að viðhalda ákveðnum standard á skráningunum innan safnsins.
- Til ákveðin skráningar- og miðlunarforum, vettvangur þar sem söfnin hittast og geta rætt vandamál sem koma upp við vinnu í kerfinu. Æskilegt var að hafa þennan vettvang miklu virkari svo maður gæti notað það meira.
- Upplifunin er sú að skráningarhlutverkið almennt í safnastarfinu sé ekki í forgangi. Önnur verkefni koma fyrr og er kannski ekki ríkjandi áhugi fyrir skráningu í safnageiranum.

Söfnin í Akershus nota þessi kerfi:

365Public- Kerfi sem heldur utan um mála- og skjalastjórnun

Primus

Asta: er kerfi notað af öllum skjalasöfnum og fyrir ýmsa aðra skjölun um allt land. Greiða líka leyfisgjöld fyrir hvern notanda eins og í Primus

Eins og er núna tala þessi kerfi ekki saman, sem gerir daglegt starf svolítið erfitt að hafa svona mörg kerfi í gangi í einu. En því miður býður Primus ekki upp á skjalavörslu og sjá þau ekki fyrir sér að hægt væri að hafa þetta öðruvísi.

Primus:

Akershus-söfnin greiða leyfisgjöld fyrir hvern notanda í Primus. Þau er með 34 leyfi á kerfinu og vegur það þungt sérstaklega fyrir minnstu söfnin.

- Dæmi sem var nefnt sérstaklega var Hurdal historielags samlingar (<https://mia.no/hurdal>) Safn sem er byggt upp af samfélaginu, og segir sögur um landbúnað, skógrækt og handverk frá um 1700. Safnið er með árlega fjárhagsáætlun uppá 130.000 nkr sem er um 1.750.000 iskr. Rekstur safnsins er háður sjálfbærliðum til að halda safninu gangandi og er það að greiða um 20.000 nkr fyrir eitt leyfisgjald í Primus sem er veruleg upphæð fyrir safnið.

Leiðbeiningar að kerfinu: Það er ekki nein aðgengileg skráningarhandbók um kerfið og þess vegna er erfitt að gæta einsleitni í skráningunum. Ekki eru allir sammála um hvar hlutirnir eiga að vera skráðir og sömuleiðis hvað eigi að birta á DigitaltMuseum og hvað ekki. Það er eitthvað sem hvert safn ákveður fyrir sig í samstarfi við KulturIT.

- Vantar skýrari reglur fyrir hvaða upplýsingar eigi að skrá hvar og hvernig. Það að kerfið hafi engar skýrar leiðbeiningar minnkar klárlega gæðin því þegar engar skýrar reglur eru byrjar fólk bara að skrá tilviljunarkennt.
- Það vantar kannski stundum að hugsa breytingar út frá hvaða notendur söfnin eru með og hvaða þarfir skráningarkerfið þarf að uppfylla. Breytingar eru stundum of flóknar, krefjast of margra smella. Væri æskilegt að það væru allavega leiðbeiningar og kennslufni „for dummies“ og að breytingar væri hugsaðar með það í huga að notendur séu ekki endilega með það sérhæfða tölvuþekkingu til að geta notað kerfið til fulls.
- Væri alveg frábært ef það kæmu upp tékk sem myndu athuga hvort ákveðnir reitir hefðu ekki verið útfylltir. Það myndi koma í veg fyrir margar villur og sömuleiðis krefjast af skrásetjaraum að fara yfir skráninguna aftur áður en hún er vistuð.
- Akershus notar mest PrimusWin, finnst PrimusWeb útgáfan ekki nógu góð. Það er ennþá allt svo nýtt og of mikið í client útgáfunni sem ekki er hægt að nota í PrimusWeb. Vantar ákveðið öryggi og þjálfun áður en farið verður yfir í PrimusWeb. Upplifun starfsmanna er að PrimusWeb uppfyllir ekki þarfir safnanna fullkomlega til að geta bara notað hann.
- Vandamál hvað mikið af safneigninni er ekki aðgengileg fyrir rannsóknir. Sömuleiðis eru margar skráningar sem eru með svo fáar upplýsingar að erfitt er að viðhalda notagildi.
- Finnst þeim vanta að geta miðlað munum í ákveðnu samhengi.
- Kerfið telst ekki uppfylla allar þarfir fyrir listmunaskráningu. Er í umræðunni að búa til nýtt skráningarsnið
- Ein skráning tekur u.þ.b. rúmlega 40 mín. án mynda.

- Nota strikamerki

PrimusWin vs. PrimusWeb

- PrimusWeb er klárlega meira sjónrænt og nútímalegra.
- Ekki hægt er að mynda sér jafn flotta yfirsýn yfir myndir með hverri skráningu í PrimusWin eins og í PrimusWeb.
- Að leita í PrimusWin er hægvirkara og erfiðara að mynda sér yfirsýn.
- Stórar breytingar - krefst svolítið nýrrar nálgunar á skráningarferlið milli kerfa.
- PrimusWeb krefst mjög margra smella og ef skráð er undirnúmer undir höfuðnúmer raðast skráningar ekki sjálfkrafa eftir númeri. Öllum númerunum er því blandað saman og er það tímafrekt að raða þeim rétt. Erfitt að mynda sér yfirsýn yfir skráningarnar.

Efnisorðin:

- Langur fellilisti- hægvirkur
- Nákvæmnisvinna er mikilvæg til að listinn virki almennilega.
- Hægt er að skrá efnisorð á fjórum stöðum í hverri skráningu: viðfangsefni, efni, litur, tækni. Notaðir eru mismunandi listar fyrir hvert og tala þessir listar ekki saman.
- KulturNav- forrit sem gefur möguleiki að nota miðlæga lista, er tengd við Primus til að koma í veg fyrir að öll söfn séu að nota eigin lista. En upplifunin er svolítið að kerfið er of flókið. Söfnin vantar að fá almennilega kennslu og kannski íhuga að auðvelda notkunina aðeins.

Ábendingar varðandi Forvörslu:

- Með nýja forvörslusniðinu í PrimusWeb er nú hægt að sinna mati á stóru safni svolítið eins og færibandsvinna.
- Það vantar þó hraðskráningarsnið fyrir forvörslu. Það er oft mörg aðföng með svipaðar upplýsingar og væri æskilegt að geta skráð þau öll inn í einu eins og hægt er í mununum.
- Virðist vera eins og "fjölva" möguleikinn eins og er til í Sarpi sé ekki aðgengileg í Primus eða allavega ekki þekking til staðar.
- Það krefst sérfræðiþekkingar á nýju forvörsluskráningunni. Haldinn var fræðsludagur þar sem forverðir hittust og fengu kennslu.

Myndir:

- Að hlaða upp mörgum myndum í einu tekur óendalega langan tíma.
- Safnið er með server/hýsingu í Lillehammer sem er u.þ.b. 170km norður frá Akershus. Það eru nokkur atriði sem þarf að velja í gegnum það ferli að hlaða upp myndir sem ætti eiginlega ekki að vera sjáanlegt hinum almenna notenda. Eins og að eyða tíma í að velja og að þjappa saman myndirnar getur tekið klukkutímum saman og þarf að framkvæmast í mörgum skrefum. Það þarf að taka afstöðu til talna frá hugbúnaði og meina þau að það eru margir notendur úti á söfnunum sem hreinlega gefast upp á að nota þessa aðgerð.
- Dæmi: Skráningastjórinn fór yfir ferlið að hlaða upp mörgum myndum í einu. Það tók í heildina yfir 2 klst. að hlaða upp möppu með 50 myndum. Ástæðan telst vera sú að nettenging innan húsa sé ekki sú besta og það að hýsingin er svona langt í burtu.
- Heitið á myndunum þarf að vera eins og aðfangið svo hægt sé að hlaða upp myndinni. Röðin sem myndirnar hlaðast upp ásamt hvernig þær snúa þarf líka að raða áður.

- **Ferlið að hlaða upp myndir:** Administration-> billeder-> mappe -> komprimeringskatalog (þarf að þjappa saman myndunum áður en hægt er að hlaða þeim upp) -> instillingar-> identifikasjonsnummer-> liste med billeder (vistar í þremur mismunandi stærðum: aðalútgáfu, frímerki og katalog) -> lagre. (Krefst mörg klikk og það að geyma myndirnar tók 30 mín, 2 klst. að þjappa myndunum og svo aukalega 2 tímar að breyta í jpg eða JPEG, Ekki er hægt að hlaða upp annað á meðan)
- Venjan er að hlaða upp myndir með eins háa upplausn og hægt er. Í kerfið er hægt að hlaða upp myndir með 6.000 pixla.

KulturIT

- Almenn upplifun á hugbúnaðafyrirtækinu er góð
- Þjónustan er alveg frábær og er það hluti af leyfinu. Ef maður hringir eða sendir inn verkbeiðnir er ekki borgað sérstaklega fyrir það.
- Alltaf svarað um leið, en með flóknari verkefni getur það tekið lengri tíma.
- Finnur fyrir að KulturIT vill leggja meiri áherslu að notendur færi sig yfir í PrimusWeb.

Innsýn í kerfið: Eftir fundin var farið inn á skrifstofu Kim Chi Thi Pham, skráningarstjóra. Þar var farið ítarlegra yfir ákveðin atriði.

- PrimusWin er mjög gamaldags í útliti.
- Hefð hjá Akershus að skrá aðföng með eitt aðalsafn og svo undirnúmer ef aðfangið inniheldur fleiri muni en eitt. Dæmi gæti verið tesett. Tesettið myndi vera skráð með aðalnúmeri og svo fengi hver tebolli eða hver diskur undirnúmer fyrir sig.
- Hægt að munirnir noti ákveðið hraðskráningarsnið þar sem gluggi birtist á skjáinn og þar er hægt að velja öll þau atriði sem skrásetjarinn velur að er sameiginlegt.

Stiftelsen Norsk Folkemuseum

Samantekt:

Upplifunin er að kerfið uppfyllir flestar þarfir. Norsk Folkemuseum er mjög sérhæfður notandi á allt kerfið og alla möguleikana. Stiftelsen Norsk Folkemuseum (NF) hefur langa sögu með Primus. Var fyrsta safnið til að nota kerfið og hefur hugmyndin um sameiginlegan stafrænan gagnagrunn og skráningarkerfi sinn uppruna í Norsk Folkemuseum. Í dag hefur safnið skráð og birt yfir 200.000 af 2 milljónir muna í safneigninni og yfir 200.000 ljósmyndir á DigitaltMuseum. Þau þekkja það líka og verða vör við galla og villur en telja það ekki vera umfang út fyrir eðlileg mörk. Upplifunin þeirra af KulturNav er að það er of flókið fyrir hinn almenna notanda. Safneignin hjá Norsk Folkemuseum er afar fjölbreytileg og spannar alveg frá byltingunni til dagsins í dag. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hvað þetta er margslungið kerfi sem ekki allir þurfa að kunna allt á. PrimusWeb býður upp á miklu aðgengilegri og sjónrænni nálgun á skráningarkerfið þar sem auðveldara er að mynda sér yfirsýn yfir safneignina og þar að leiðandi auðvelda eftirlitishlutverkið.

Viðstödd á fundinum voru: Linnea Björk (vinnur við skráning og umsýslu safneigna) og Alexander Lindbäck (umsjónarmaður gagnagrunns)

Kerfið:

- Ekki er hægt að skoða nákvæmar breytingar
- Alexander Lindbäck gegnir hlutverki sem admin fyrir Norsk Folkemuseum
- Nýja forvörslusniðið í PrimusWeb hefur verið í þróun undanfarið og er næstum því tilbúið: upplifunin er að þetta kann of mikið. Mjög flókið að nota það.
- Safnið er í einhverskonar millifasa þar sem bæði PrimusWeb og PrimusWin er í notkun- markmiðið er þó að þróa Web svo mikið að hægt er einungis að nota það.
- Primus er mikið notað af safninu sem umsýslukerfi, sérstaklega með notkun strikamerkjakerfisins

Peningur fylgir verkefnahópunum sem eru söfnin. Þegar verkefnin eru búin eru peningurinn líka búinn og þá er það svolítið eins og verkefnin eignist sitt eigið líf og klárast einhvern veginn.

KulturIT hefur verið í ótrúlegri stækkun og þróun síðustu árin.

- Bara í Svíþjóð hefur notendum í Primus fjölgað úr 3-66 söfn á síðustu 7 árin .
- Safnið ber mikið traust og trú á kerfinu.
- En skráning listmuna er ekki nógu gott.
- KulturIT fær styrki beint frá ríkinu. Söfn sækja svo um styrki í þróunar- og skráningaverkefnin, þar sem fjármagn flæðir líka beint til KulturIT.

Myndir:

- Að hlaða inn margar myndir í einu er algjörlega undir hverjum server komið. Norsk Folkemuseum er með server í húsinu og tekur það ekki langan tíma.
-

- Þar sem ekki er bein leiðbeining á kerfinu hefur NF stutt sig við leiðbeiningar frá menningarmálaráðuneytinu. Þau eru samt ekki búin að uppfæra leiðbeiningar síðan 2013.
-
- NF fylgir Spectrum í safnastarfinu, en hafa þó misst út ákveðna ferla.
-
- Safneigninni er ekki bara skipt niður eftir söfnum en líka eftir hvort gögn er viðkvæm og þá hver má fá innsýn í þennan hlut safneignarinnar.
-
- Notar öll forrit sem KulturIT býður uppá. Enda virkar NF svolítið eins og tilraunasafn í nánu samstarfi við KulturIT. Það er hér ekki spurning um fjármagn. Allir eru með aðgang og eru þau ekki að halda utan um hver er með notendaleyfi að kerfinu
- Þjónustan er almennt mjög góð, en það er stór munur á erfiðleikastigum á verkbeiðnunum. Sumar verkbeiðnir taka enga stund, en aðrir mjög langan. Fyrirtækið hefur stækkað gríðarlega á undanförunum árum og eru verkefni og vandamálin sem koma upp á svo mismunandi stigum.
- Mikil samskipti við KulturIT, og er það frábært samstarf.
- KulturIT virðist hafa gott samband við ráðuneytið sem gefur söfnunum ákveðið öryggi.
-

Breytingar í safnageiranum í Noregi síðustu árin:

- Mikið um sameiningu og hafa sem dæmi um 800 söfn orðið að 200. Ekki mikið um lítil byggðasöfn lengur.

Æskilegt væri að betrubæta:

- Betra utanumhald og umsýsla sýninga innan safnsins. Ekki sýningar sem birtast á DigitaltMuseum heldur þær sýningar sem eru settar upp á safninu.
- Væri frábært að geta haldið betur utan um útlán og innlán. Semsagt að geta skráð aðföng sem eru lánuð inn á söfnin. Kerfið býður ekki upp á það í dag.

Tvískráningar í kerfinu er mjög umfangsmikið og stórt vandamál

PrimusWin vs. PrimusWeb

- Byrjunarerfiðleikar með PrimusWeb. Kerfið var hægvirkt og hrundi oft. Það hefur verið lagað og er hægvirknin ekki vandamálið við Web-útgáfan lengur. Búið er að þróa og breyta mikið í PrimusWeb frá upphafi en er enn svolítið í land til að geta komið fullkomlega í stað fyrir PrimusWin.
- Ekki enn búið að gefa tímaramma fyrir hvenær PrimusWeb eigi að taka við að PrimusWin

DigitaltMuseum:

- Hefur áður verið talað um að koma greiðslugátt í DigitaltMuseum en stoppaði þegar KulturIT fann ekki lausn á því að aðgreina skráningar á höfundarrétti.

Tekniske Museum

Samantekt:

Tekniske Museum er mjög stórt safn með yfir 50 starfsmenn og yfir 250.000 safngestir árlega. Safnið hefur skráð í Primus næstum því frá upphafi kerfisins og hefur því langa sögu og reynslu af kerfinu. Fyrst notuðu þau kerfið einungis sem skráningarkerfi, en í dag er það notað í margt fleira, t.d. umsýslu- og miðlunarkerfi. Skráningar á safninu eru ekki í forgangi eins og æskilegt væri og er ennþá mjög stórt hlutfall safneignarinnar sem á eftir að skrá. Safnið notar ekki allar lausnir frá KulturIT en eru ánægð með þær lausnir sem þau eru með: Primus, DigitaltMuseum og strikamerkin. Það er ekki skrásetjarar sem starfa einungis við skráningu og því er bara skráð þegar tími gefst eða að skráningar verði hluti að öðru verkefni eins og flutning á geymslum o.s.fv. Öll aðföng sem eru skráð í kerfið eru merkt með strikamerkjunum úr Primus og hefur það reynst safninu mjög vel. Allir forverðir safnsins notar PrimusWeb vegna nýja forvörslusniðsins en aðrir nota frekar PrimusWin. Almenn ánægja virðist vera með KulturIT. Talað var að safnið fengi góða þjónustu og að vandamál sem hafa komið upp hefðu verið unnið markvisst til að finna lausn á þó það gæti tekið langan tíma. Sem dæmi má nefna reynslu frá safninu á gagnaflutningi á ljósmyndasafni úr Fotostation í Primus. Verkefnið tók allt of langan tíma og reyndist mjög erfitt. Endaði þó vel og eru gögnin komin inn í Primus.

Viðstödd á fundinum var: Tone Rasch (Deildarstjóri forvörsluhóp) Endre Fodstad (Deildarstjóri umsýslu) og Frode Meinich (Museumsdirektør, Safnstjóri) bara stutt í upphaf fundar.

Markmiðið er að safnið mun fara að skrá þjóðhætti í minne.no

Primus

- Frábært kerfi. Engin önnur skráningarkerfi væri betri lausn.
- Skrá muni og ljósmyndir
- Eru ekki að aðgreina safneignina lengur og horfa á safneignina sem eina stóra almenna munaskrá og svo er ljósmyndasafnið sér.
- Aðfangamiðuð skráningarnálgun- skrá ítarlega hvernig aðfanga eru aflað eða útvegað til safnsins. Það er heilt skráningarsnið tileinkað svokölluðu aksesjon (e. Acquisition) sem er þar sem skrásetjari skráir hvernig aðfangið kom til safnsins og allt í kringum það ferli.
- Notar strikamerkin í kerfinu og hefur gert síðustu 15-20 árin. Öll aðföng eru þrímerkt. Skrifað er aðfanganúmerið beint á muninn, svo eru strikamerkin bæði á kassanum utan um aðfangið og á miða sem bundið er í kringum aðfangið sjálft. Búið er að vera ákveðið vandamál með notkun strikamerkja. Ekki alltaf virkað eins væri æskilegt. Ekki er hægt að vera á PrimusWeb í húsinu og senda pöntun á strikamerki beint í prentarann. Búið er að kaupa bæði prentara og strikamerkjabyssurnar eftir ráðleggingar frá KulturIT. Þau bíða spennt eftir að hægt verður að nota snjallsímana til að skanna.
- Leitarvélín er frábær á PrimusWeb, en krefst góðs netsambands.
- Yfirhöfuð mjög ánægð með tenginguna á milli

- Nýir starfsmenn fá ekki endilega kennslu á kerfið áður en notendaleyfin er veitt. Ástæðan er sú að þar er enginn bara með það hlutverk að skrá.
- KulturNav: Mjög flókið. Teknisk museum ber ábyrgð á einum lista sem tengist iðnaði. Mikil vinna að halda honum við.

Fyrir minni söfn sem eru ekki með forverði, er hægt að panta þjónustu frá svokölluðum Amtskorservatorer. Það er hópur af forvörðum sem fer út á söfnin og gerir úttekt og aðstoðar með forvörsluskráningu. Áhugavert væri að kanna möguleikinn á að bjóða upp á slík þjónusta fyrir skráningu.

KulturIT:

- Varðandi uppfærslur og betrubætur á kerfinu er ekki miðlað eins og æskilegt væri. Söfnin þurfa aktívt að sækja sér upplýsingar um breytingar og viðbætur á kerfinu. Ekki allir sem hafa tíma til að setja sig inn í svona. Væri frábært ef það kæmu svoleiðis tilkynningar sjálfkrafa út á söfnin.
- Tekniske museum eru ekki með allar lausnir frá KulturIT. Þau notar Primus, strikamerkin, DigitaltMuseum og KulturNav. Ákveðið var að þau myndu sjálf sjá um netlausnir og hýsingu. Serverinn þeirra er í húsinu en ekki á vegum KulturIT heldur Atea birgja og þjónustufyrirtæki fyrir tölvulausnir.
- Þjónustan er góð. Maður hefur alltaf samband við sama starfsmanninn hjá KulturIT. Stuttur svartími með auðveldari beiðnir en geta tekið miklu lengri tíma með flóknari aðgerðir.

Gagnaflutningur úr öðru kerfi:

- Teknisk Museum hefur reynt af gagnaflutningi úr Fotostation yfir í Primus. Þeim var lofað frá KulturIT að það væri ekki mikið mál, en reyndist gangaflutningurinn erfiðari en búist var við og flækjustigið hátt. Það endaði með að taka ár og kom ýmislegt upp í gegnum það ferli. Sem dæmi má nefna eitt skipti þegar gagnaflutningurinn gaf skráningum ný safnnúmer.

DigitaltMuseum:

- Nýjar greinar (greinasafn) möguleikinn er frábær leið til að miðla samhengi milli sögu og aðfanga.
- Hefur ákveðið að nota ekki API frá DigitaltMuseum á eigin vef. Ástæðan er bara mismunandi skoðanir innanhús en ekki gæði DigitaltMusuem.
- Aðgerðin að birta eða birta ekki á DigitaltMuseum fer fram í gegnum admin-notandann á stærri söfnum eða með aðstoð frá KulturIT á minni söfnum.

Upplifunin er að skráningar séu ekki í forgangshlutverki. Safnið er miklu meira sýningamiðað.

Skimuseet Holmenkollen

Samantekt:

Skimuseet Holmekollen er lítið safn. Bara rúmlega tvö ársverk á safninu. Safnið byrjaði ekki að skrá stafrænt fyrr en þau komu inn í Primus fyrir 7 árum síðan. Tilfiningin þeirra er að stærri söfnin hafa mesta valdið þegar kemur að breytingum á kerfinu. Litlu söfnin eru ekki með jafn sterka rödd. Meira fjármagn til að hafa áhrif. Skimuseet notar einungis PrimusWin, hefur ekki fengið aðgang eða kennslu á PrimusWeb. Fyrir 1 leyfisgjald á Primus borgar Skimuseet 20.000 nkr. Það er allt í lagi en safnið hefur ekki efni á öðru leyfisgjaldi þó það væri æskilegt að þau gæti bæði vera að skrá. Safnið nýtir alls ekki alla möguleika kerfisins. En kerfið uppfyllir þarfir safnsins þó sumt sé svolítið þungt og ferkantað. Skrásetjari safnsins hefur farið á grunnnámskeið og framhaldsnámskeið í Primus en svo eru ekki til fleiri námskeið. Væri frábært ef möguleiki væri á að fara í endurmenntun eða meira sérhæfð námskeið og að það væri ekki svona dýrt. Að senda einstakling á námskeið kostar yfir 6.500nkr. Skimuseet er almennt mjög ánægt með þjónustuna frá KulturIT. Samstarfið milli þeirra er gott og er gefinn góður tími til að finna lausn á vandamál sem myndi koma upp. Safnið hefur minni reynslu með stafræna skráningu og væri því frábært ef til væru ítarlegri leiðbeiningar. Að hafa aðgang að skráningarkerfi eins og Primus þar sem möguleikar kerfisins með innbyggðum stöðlum hjálpar litlum söfnum að halda skipulega utan um skráningu á kerfisbundna hátt.

Viðstödd á fundinum var: Áslaug Midtdal (Safnstjóri Skimuseet) stuttlega og Silja Axelsen (sér um skráningar á safninu)

Æskilegt væri að kerfið myndi bjóða upp á sjálfvirka stafsetningaleiðréttingu. Það fer mikill tími í að yfirfara og lesa yfir skráningar. Erfitt að fylgja gæðum eftir þegar safnið er svo lítið.

-Safneignin er um 7.000 munir, u.þ.b. 2.000 er skráð í Primus og búið er að birta 815 aðföng á DigitaltMuseum.

KulturNav: gerir Skimuseet kleift að fá innsýn í efnisorð annarra safna. Það er frábært en líka svolítið hamlandi. Einstaklingur sem skráður er á einum lista sem ljósmyndari gæti líka hafa verið listamaður, landkönnuður eða frumkvöðull en samt bara skráður sem ljósmyndari. Það gefur ekki endilega æskilega innsýn.

DigitaltMuseum: Með DM getur maður sett samhengi milli safneignar mismunandi safna sem er frábært verkfæri til miðlunar.

- Erfitt að miðla samhengi á DigitaltMuseum. Þurfa líklega líka að læra á möguleika kerfisins. Væri frábært ef hægt væri að vinna meira með það.
- Vantar meiri fókus á miðlun fyrir minni söfn í DigitaltMuseum.

Aksesjonsniðið í kerfinu þar sem skrásetjari skrái hvernig aðfangið kom til safnsins og allt í kringum það ferli er of langt og tímafrekt til að hægt sé að nota það á litlum söfnum. Þau hjá Skimuseet skrá það miklu frekar bara undir historik sem ekki endilega er svo gott.

Tölfræði og aðrar upplýsingar fyrir skýrslugerð virkar mjög vel. Bæði hægt að draga út í Excel og á Pdf.

Gallar:

- Það tekur langan tíma að skrá. Allt of margir smellir, og er krefjandi fyrst að læra á kerfið. Allt tekur sinn tíma.
- Það er þó leiðir og oftast spurning að aðlaga sín eigin vinnubrögð að kerfinu til að spara sér tíma.
- Erfitt að finna leiðbeiningar um kerfið
- Eitt notendaleyfi er ekki alveg nóg en safnið hefur ekki fjármagn til að bæta við fleiri eins og er.

Hleður venjulega myndir sem eru um 5.000 pixlar.

Primus gerir Skimuseet kleift að veita yfirsýn yfir safneignina sem er gulls virði fyrir safn eins og Skimuseet. Skilningur á safneigninni og skráning er mikilvægt fyrir daglegt starf.

- Skráning er ekki í aðalhlutverki á safninu.
- Safnið er ekki með forvörð og skráir því ekki forvörslu í Primus.

Notaði National Trust sem leiðarvísi um meðhöndlun muna og Spectrum í gegnum Primus þegar kemur að skráningastöðlum.